

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 er lögð fram og unnin skv. fyrir mælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögunum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Samkvæmt álitum Reikningsskila- og upplýsinganefndar (númer 2/2012) þýðir tilfærsla milli liða tilfærslu á milli málaflokka.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

STEFNUMARKANDI FJÁRHAGSÁÆTLUN


Á árinu 2021 mótaði hvert svið sér stefnu og voru þær samþykktar í bæjarstjórn þann 12.10.2021.

Stefnunum fylgdu aðgerðaáætlanir sviða með mælanlegum markmiðum, mælingum og aðgerðum sem lagðar voru fram við gerð fjárhagsáætlunar og með hliðsjón af þeim var fjármagni forgangsraðað.

Markaði þetta upphaf stefnumarkandi fjárhagsáætlunargerðar hjá Kópavogsbæ

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur, en ekki þarf mikið að bera útaf í forsendum til að áætlanir gangi ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat þeirra. Á árinu 2020 varð hinsvegar breyting með „innrás“ Covid-19, sem raskaði öllum forsendum á því ári og sló meiri óvissu á næstu framtíð en við eigum að venjast í venjulegu árferði. Það er ljóst að afleiðingar C-19 ná inn á árið 2021 og með það ár sem grunn að framtíðinni mun það auka óvissuna við mat á aðstæðum í áætlun ársins 2022. Á myndinni til hliðar má sjá hver áætlun útsvars fimm síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2022 verður óbreytt eða 14,48%.



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana og útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Upphæðir eru í milljónum króna.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að **íbúum í bænum** muni fjölga um 2,5% á næsta ári og verði í árslok 2022 40.155 talsins. Á árinu 2020 var fjölgun í bænum mjög lítil í sögulegu samhengi, eða 0,98%. Við vinnslu áætlunar 2021 var ljóst hvert stefndi í þessu efni sem og að C-19 faraldurinn geisaði og hefði neikvæð áhrif. Þess vegna var fjölsfjölgun áætluð 1% á árinu 2021 en færi svo hægt vaxandi. Raunin stefnir hins vegar í að fjölgun á árinu 2021 verði um 2,2%. Við mat á fjölsfjölgun í bænum var stuðst við gögn um fjölda íbúða sem eru og verða íbúðarklárar á árunum 2021 og 2022 og allar íbúðir sem koma til sölu í Kópavogi seljast strax. Því má ætla spá um fjölsfjölgun þessara ára sé byggð á raunhæfum forsendum.

Nokkrir **kjarasamningar** eru lausir í lok árs 2021, þetta eru kjarasamningar kennarafélaganna og BHM félaga. Aðrir samningar gilda út árið 2022 eða lengur. Í áætlun er gert ráð fyrir því að samið verði í samræmi við ákvæði lífsskjarasamninga.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur áhrif á bæði útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkunir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkunir á almenna markaðinum hækkunir hjá starfsmönnum bæjarins. Ef hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega orðið hærri en tekjuaukinn. Lífsskjarasamningarnir sem undirritaðir voru á almenna markaðinum 2019 og fólu í sér krónutöluhækkun með áframhaldandi áherslu á hækkun lægstu launa auk styttingar vinnuvikunnar. Sambærilegir samningar voru undirritaðir hjá sveitarfélögunum á árinu 2020.

Lítill reynsla er komin á sumar breytingar sem samið var um í lífsskjarasamningunum og því ekki komin mikil reynsla á þær breytingar. Þetta á t.d. við um vinnutímastyttingu vaktavinnufólks en hún tók gildi í maí mánuði þegar sumarleyfistímabil starfsmanna var að hefjast og stuttu áður en vinna við launaáætlun hófst. Einnig er óvíst hvort ákvæði kjarasamninganna um hagvaxtarauka og

launabróunartryggingu munu hafa áhrif til hækkunar launa á árinu 2022.

Atvinnuleysi hefur lækkað verulega frá því Covid faraldurinn stóð sem hæst. Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði lægra á árinu 2022 en það er í ár og að atvinnuþátttaka og hlutfallslegur fjöldi starfandi íbúa muni styrkjast. Vegna fjölgunar í bænum mun þeim sem eru starfandi fjölga um tæplega 600 manns.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að **útsvarstekjur** ársins 2022 muni nema um 28 milljörðum króna, sem jafngildir um 10,9% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2021 er um 25,2 milljarðar króna.

Samkvæmt **Þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands sem gefin var út í mars 2021 var áætlað að **verðbólga** ársins 2022 yrði um 2,4%. Þjóðhagsspá sem átti að koma út síðastliðið sumar hefur ítrekað verið frestað og er von á henni í lok nóvember. Nýlegar verðbólguþáttir benda þó til þess að verðbólga á árinu 2022 verði hærri en Hagstofuspáin frá því í vor. Í spá Seðlabankans þann 17. nóvember er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2022 verði 3,5%. Nánar er fjallað um verðbólgu og verðbólguforsendur í kaflanum um fjármagnsliði.

GJALDSKRÁR OG KOSTNAÐARVERÐSBREYTINGAR

Við ákvörðun gjaldskrárbreytinga undanfarin ár hefur verið horft til verðbólguvæntinga í þjóðhagsspá. Við ákvörðun gjaldskrárbreytinga fyrir árið 2021 var miðað við verðbólguvæntingar í þjóðhagsspá fyrir árið en nú er ljóst að verðbólga ársins stefnir í að vera rúmum tveimur prósentustigum umfram það sem spáð var fyrir ári.

Eins og fram kemur í kaflanum hér að ofan er horft til verðbólguvæntinga við ákvörðun um gjaldskrárbreytinga. Þar sem ný þjóðhagsspá fyrir árið 2022 liggur ekki fyrir var ákveðið að horfa til verðbólguvæntinga í spá Seðlabankans 17. nóv. sl. en þar er gert ráð fyrir 3,5% verðbólgu á næsta ári.

Gjaldskrár fyrir grunnskóla, leikskóla og frístund og gjaldskrár eldri borgara fyrir heimilishjálp og mat hækka um 3,5%. Aðrar gjaldskrár bæjarins hækka um 4,2%.

Ætla má að bein útgjöld vegna einstakra kostnaðarliða hækki meira en sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs, en ekki er tekið sérstaklega tillit til þess. Hér má nefna liði eins og aðkeyptan mat og þjónustupætti sem kalla á vinnuafli, en breyting launakostnaðar er áætluð mun meiri en breyting á verði almennrar neyslu.

Tekjur af þjónustu s.s. leikskóla og frístund hafa lækkað sem hlutfall af heildarkostnaði við reksturinn undanfarin ár. Sjá mynd sem sýnir



breytingar frá árinu 2016. Hlutfallið á árunum 2021 og 2022 eru skv. áætlunum fyrir þau ár.

Vöru- og þjónustukaupaliðir eru almennt hækkaðir um 2,4% en þó eru gjaldaliðir skoðaðir og tekið tillit til gildandi samninga og óhjákvæmilegra verðhækkana. Hækkun gjaldaliða er því mismunandi eftir eðli samninga.

FASTEIGNAGJÖLD

FASTEIGNASKATTUR

Á árinu 2021 voru álagningarhlutföll fasteignaskatta lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun á hlutfalli fasteignaskatts sem og vatns- og holræsagjalds, bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði. Lóðarleiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis helst óbreytt.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,212% í 0,20%, sem jafngildir 5,7% lækkun á skatthlutfallinu og fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,47 í 1,44%. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um 6,2% frá álagningu 2021 sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu og breytinga á byggingarstigi.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjöld munu hækka allnokkuð, eða úr kr. 41.300 í kr. 47.400. Hér er fyrst og fremst um að ræða hækkanir frá Sorpu. Sorphirðugjöld eiga að standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað fyrir þessa þjónustu.

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæplega 7,5 milljörðum króna þegar horft er framhjá verðbreytingum á sorphirðugjöldum. Þá reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði um 4,3%, sem tekur mið af hærri verðbólgu 2021 en áætlað var og 2,4% verðbólguþá.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur lækkar á milli ára úr 0,065% í 0,064% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við uppreiknaða vísitölu eða um 4,2%.



Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2022 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

HOLRÆSAGJALD

Holræisagjald lækkar á milli ára úr 0,09% í 0,075% af fasteignamati.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis helst óbreytt á milli ára. Fyrir íbúðarhúsnæði verður leigan 21,43 kr./m² og lóðarleiga atvinnuhúsnæðis 180 kr./m².

JÖFNUNARSJÓÐUR

Hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs bárust í október 2021 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun. Önnur framlög eru höfð óbreytt á milli ára.

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISPEGA


Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrispega hækka um 7,9% milli ára, en það jafngildir hækkun á launavísitölu frá janúar 2020 til janúar 2021 að frádreginni hækkun vísitölnnar vegna styttingar vinnuviku.

LYKILTÖLUR¹


Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið ríflega 50% undanfarin ár. Á árinu í ár var áætlað að tæp 58% af rekstrartekjum bæjarins færu í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri og áætlun um að tekjur myndu dragast saman. Á árinu 2022 er áætlað að þetta gangi til baka, á svipaðar slóðir og fyrir Covid.

Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1.266 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa vegna stækkunar bæjarins.

Starfsmannakostnaður sem hlutfall af tekjum



Þróun launakostnaðar (m.kr.)



¹ Athugið að myndir eru þær sömu og við fyrri umræðu. Það sem helst gæti hafa breyst eru liðir sem hlutdeildarfélagin hafa áhrif á.



Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum breytist aðeins á milli ára, en um 35,2% af heildartekjum af tekjum samstæðu fer til að greiða annan rekstrarkostnað.



Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa farið lækkandi undanfarin ár en hækka nú frá fyrra ári í áætlun 2021. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.

Skuldir án skuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækka frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 89 þús.kr.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.



Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 877 þús.kr. á íbúa á næsta ári.

Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 877 þúsund krónur árið 2022.

VELFERÐARSVIÐ

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

ÁRANGURSMÍÐAÐUR STUÐNINGUR VIÐ ÍBÚA

Námskeiðum fyrir börn og fjölskyldur vegna kvíðavanda í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar verður fjölgað.

Úrræði í stuðnings- og stoðþjónustu fyrir einstaklinga, börn og fjölskyldur verða efld með snemmtækum stuðningi. Bætt verður við stöðugildi uppeldisráðgjafa í Áttunni. Jafnframt verður bætt við 40% stöðugildi umsjónarmanns stuðningsúrræða og stuðningstímum fjölgað um 5 þúsund á ári til að mæta aukningu á umfangi þeirra þjónustubátta sem í boði eru. Jafnframt er gert ráð fyrir aukningu á sólarhringsþjónustu stuðningsfjölskyldna.

GÓÐ ALMENN FÉLAGSPJÓNUSTA

Gert er ráð fyrir ráðningu verkefnisstjóra, í samstarfi við nágrannasveitarfélögin, til að meta heildstætt húsnæðisþörf til að mæta ólíkum þörfum íbúa á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Einnig til að þróa uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræði fyrir einstaklinga með fíknivanda og annan vanda í samræmi við stefnu sveitarfélaganna.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Bætt verður við einu stöðugildi ráðgjafa til að sinna málástjórn við einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu við fatlað fólk, óháð aldri.

Í ársbyrjun verður opnað nýtt heimili fyrir fatlað fólk í nýju húsnæði við Fossvogsbrún.

GÓÐ ALMENN FÉLAGSPJÓNUSTA

Bætt verður við stöðugildi ráðgjafa í Barnavernd og 30% stöðugildi sálfræðings til að styrkja úrræði Barnaverndar og veita börnum og fjölskyldum ráðgjöf og stuðning.

Mikil aukning hefur orðið í vistun barna utan heimilis og fjárheimildir eru hækkaðar um 70 milljónir króna til að mæta þeirri aukningu.

Á árinu verður markvisst unnið að innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2021

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

BARNVÆNT SAMFÉLAG

Áhersla verður lögð á að efla enn frekar lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum og virka þátttöku barna í ákvarðanatöku.

Á árinu fer af stað nýtt verkefni „Okkar skóli“ sem svipar til verkefnisins „Okkar Kópavogur“ og miðar að því að nemendur taki sjálfir ákvörðun um ráðstöfun fjárheimildar til að bæta aðstöðu í grunnskólanum.

Stefnt er að því að ljúka innleiðingu verkefnisins Réttindaleikskóli, sem byggir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verður unnið í samvinnu við Unicef, á næstu þremur árum. Þar með verða allir leikskólar bæjarins viðurkenndir réttindaleikskólar. Jafnframt er stefnt að því að fjölga grunnskólum, ásamt frístund og félagsmiðstöðvum, sem innleiða réttindaskólaverkefnið í samstarfi við Unicef.

Unnið verður að forvarnaráætlunum í hverju hverfi í samræmi við aðgerðaráætlun um innleiðingu barnasáttmála.

Áhersla verður lögð á að styrkja móttöku og stuðning við börn með annað móðurmál en íslensku og fjölskyldur þeirra.

Kennsluráðgjöf í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku verður styrkt og unnið þvert á skólastig, með frístund og félagsmiðstöðvum.

Á árinu verður markvisst unnið að innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, í samstarfi við velferðarsvið Kópavogsbæjar.

Uppeldisnámskeiðum fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna ásamt stuðningsnámskeiðum fyrir börn og fjölskyldur vegna kvíða o.fl., sem haldin eru í samstarfi við velferðarsvið verður fjölgað á árinu.

Þjónusta sálfræðinga fyrir nemendur í 10. bekk verður aukin á árinu.

Fjárheimildir verða auknar til að takast á við ófullnægjandi skólasókn nemenda í grunnskólum Kópavogs.

Leitað verður leiða til að auka við opnun félagsmiðstöðva á föstudagskvöldum, í samræmi við tillögu ungmennaráðs Kópavogs. Samhliða verður unnið að því að styrkja sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvunum.

Guðmundarlundur verður þróaður áfram sem miðstöð útikennslu í samstarfi við Skógræktarfélagið.

FRÍSTUNDASTYRKUR

Í áætlun ársins er samþykkt hækkun á frístundastyrk úr 51.500 kr. í 56.000 kr.

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir tæpa 5,5 milljarða króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

SKÓLAR

Nýr Kársnesskóli við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða. Verður 3,6 milljörðum króna varið í það verkefni á næstu þremur árum. Í áætlun 2022 verður 2 milljörðum króna varið í byggingu skólans.

Leikskólinn Skólatröð verður rifinn og byggður nýr leikskóli á lóðinni, áætlað fjármagn er um 250 milljónir króna á árinu 2022.

Á næstu þremur árum er áætlað að verja um 1.280 milljónum króna í nýbyggingu leikskóla.

Á árinu 2022 verður um 350 milljónum króna varið í að klára endurbætur á Kórnum en verkefnið er komið vel á leið og gert er ráð fyrir að notkun á húsnæðinu hefjist fljótlega. Húsnæðið er að hluta hagsað fyrir skólastarf í Hörðuvallaskóla og bætta þjónustu við íbúa í efri byggðum.

AÐRAR EIGNIR

Á áætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir 250 milljónum króna í kaup á **félagslegu húsnæði** en þessir fjármunir eru hagsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Varið verður 150 milljónum króna í nýtt sambýli með sjö íbúðum auk þjónustu vegna samnings bæjarins við velferðarráðuneytið vegna Kópavogsbrautar 5a.

Hjúkrunarheimilið Boðarþing verður stækkað og ráðgert fjármagn er 140 milljónir króna á árinu 2022. Bætt verður við 64 hjúkrunarrýmum og byggingin verður alls 4400 m² að stærð. Áætluð verklok eru 2024 en framkvæmdin er samkvæmt samningi við ríkið sem greiðir 85% af kostnaði á móti 15% framlagi Kópavogsbæjar.

Þá er ráðgert að um 176 milljónum króna verði varið í uppbyggingu á **skíðasvæði í Bláfjöllum** á árinu 2022 en það er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tvær nýjar stólalyftur verða reistar á næstu þremur árum og svæðið stækkað til muna og gönguskiðaaðstaða bætt.

Gert er ráð fyrir að verja um 776 milljónum króna í **viðhald fasteigna hjá eignasjóði** þar sem áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi viðhald með umhverfisvænum lausnum. Áætlaðar eru 249 milljónir til viðhalds og endurbóta félagslegra íbúða. Einnig verður unnið markvisst að bæta loftgæði í stofnunum bæjarins.

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Um 1,7 milljörðum króna verður varið í gatnagerð og tengd verkefni á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitafélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Á árinu 2022 verður 200 milljónum króna varið í endurbætur á Smárahvammsvegi og endurnýjunar umferðarljósa við Fífuhvammsveg. Um 200 milljónum króna verður varið í gatnagerð á Kársnesi auk þess sem 178 milljónum króna verður varið í Samgöngusáttmálann. Þá verður 107 milljónum króna varið í fræsingu og heilyfirlögn gatna og 122 milljónir nýttar í viðhald og minni malbiksviðgerðir á öllum götutegundum í öllum hverfum bæjarins. Einu stöðugildi verður bætt við á umhverfissviði til að halda utan um borgarlínuverkefni.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árinu 2022 verður 100 m.kr. varið í verkefnið.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs og fjármálasviðs og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs fjármála- og stjórnsýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna liði eins og kosningar,

bæjarráð, bæjarstjórn, áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins og ýmislegt fleira.

ÁBYRG STJÓRNSÝSLA

Bætt er við einu stöðugildi verkefnastjóra til að fylgja eftir uppbyggingu og innleiðingu gæðastjórnunar og persónuverndarmála.

NÝSKÖPUN Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU / BARNVÆNT SVEITARFÉLAG

Bætt er við fjármagni til að styðja við og halda áfram starfsemi með áherslu á barnvænt samfélag. Einnig er lögð áhersla á að auka þekkingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og Barnasáttmála.

Ráðgert er að halda barnaþing í samvinnu við menntasvið.

Bætt er við stöðugildi til að viðhalda mælaborðum og gagnasöfnum.

LÝÐHEILSUMÁL

Gert er ráð fyrir fjármagni í áætlun til reksturs Geðræktarhúss í húsnaði gamla Hressingarhælisins. Þar mun fara fram fræðsla og færniþjálfun er lítur að því að bæta andlega vellíðan í samræmi við markmið lýðheilsustefnu bæjarins um aukna geðrækt.

Ráðgert er að halda hátíðlega alþjóðlega daga s.s. alþjóða heilbrigðisdaginn og alþjóða geðheilbrigðisdaginn í samstarfi við skóla og aðra hagsmunaaðila.

Í samstarfi við grunnskóla verður haldið áfram með verkefni um að draga úr matarsóun.

Aukin áhersla er á að stuðla að markvissari heilsuefningu á meðal aldraðra. Gerðar verðar kannanir og mælaborð hannað.

Gerð verður rannsókn til að greina álag á börnum.

Gert er ráð fyrir endurbótum á Himnastiganum með tilliti til öryggis og lýðheilsu, samvinnuverkefni með umhverfissviði.

MANNAUÐSMÁL

Mótuð verður mannauðsstefna fyrir sveitarfélagið í heild með aðkomu ráðgjafa og stefnt er að því að innleiðing á stefnunni hefjist á árinu.

Komið verður á framkvæmd vinnustaðagreininga fyrir sveitarfélagið í heild og unnið markvisst með niðurstöður.

MENNINGARMÁL

Unnið er að gerð menningarstefnu sem ráðgert er að verði verði innleidd á árinu.

Gert er ráð fyrir hönnun á útisvæði við menningarhúsin þar sem hönnun tekur mið af starfsemi húsanna.

MIÐLUN UPPLÝSINGA

Gert er ráð fyrir að myndefni úr Kópavogi verði keypt eða búið til, til að nota sem kynningar og markaðsefni.

Bætt verður við fjármagni til að efla upplýsingaflæði úr starfsemi bæjarins, á samfélagsmiðlum.

FJÁRMÁLASVIÐ

Á fjármálasviði verður lögð áhersla á að búa til öflugan og samstilltan starfsmannahóp á nýju sviði, þar sem áhersla er á umbætur og að tryggja tímanlega og rétta þjónustu.

Mikil áhersla verður jafnframt lögð á öfluga skýrslu- og upplýsingagjöf með hagnýtingu tækninnar og auka sjálfvirknivæðingu í verkefnum sviðsins. Fjármagni er veitt til að byggja upp sjálfvirkar Power BI skýrslur í samstarfi við upplýsingatæknideild bæjarins.

Með nýstofnaðri innkaupadeild er unnið að því að gera innkaup hagkvæm, vistvæn, heiðarleg, gagnsæ og ábyrg. Unnið er að mótun innkaupstefnu og endurskoðun innkaupareglna og innkaupaferla.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Breyting er nú gerð á færslu framlaga til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Framlag sem hingað til hefur verið bókað á sameiginlegan kostnað (21) er flutt yfir á lífeyrisskuldbindingar (22) og verður þetta framlag sem var á (21) meðhöndlað sem „næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar“. Þetta þykir eðlilegra eftir að rekstur sjóðsins var sameinaður rekstri Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, en við þá yfirfærslu færðist núvirtur rekstrarkostnaður sjóðsins inn sem skuldbinding í stað þess að vera árlegur rekstrarkostnaður.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Langstærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera um 2.700 milljónir kr. og aukast um 376 m.kr. á milli ára. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2021 og reiknað með að verðbólga verði 3,0%, sbr. kaflann um vaxta- og verðbótagiöld hér fyrir neðan.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2021 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga. Framlögin hafa lækkað undanfarin ár og er tekið tillit til þess hér.

VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Í þjóðhagsspá að sumri sem kom út mars 2021 var áætlað að verðbólga ársins 2022 yrði 2,4%. Síðari spár hafa áætlað að verðbólga ársins 2022 verði hærri.

Við útreikning vaxta- og verðbóta er reiknað með 3,0% verðbólgu á næsta ári, sem er í takti við nýjustu spár aðila á markaði þegar þetta var reiknað, annars vegar frá Íslandsbanka í september sl. og hins vegar frá Landsbanka í október sl. Þjóðhagspá Hagstofu að sumri átti að koma út í júní síðastliðnum, en sú spá hefur verið notuð til grundvallar verðbólguútreikningum hjá hinu opinbera. Þessari spá var frestað og svo felld niður. Þjóðhagspá að vetri var svo á dagskrá þann 5. nóvember næstkomandi, en henni hefur nú verið frestað til 26. nóvember þegar þetta er skrifað.

Í áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður, enda hafa öll gengisbundin lán bæjarins verið greidd upp. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leyti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs (HNK) er gert ráð fyrir 4,2% hækkun húsaleigu milli áranna 2021 og 2022 auk þess sem leitast er við að laga áætlun 2022 með tilliti til útkomu 2021, en nýting íbúða og nýjar íbúðir í útleigu hækka tekjustofninn.

Miklar framkvæmdir hafa verið á vegum framkvæmdasjóða húsfélaga þar sem bærinn á íbúðir og hafa viðhaldsliðir í áætlun ekki náð að elta þær hækkanir. Einnig hefur verið vaxandi álag á viðhaldsliði sem tengjast íbúðunum beint. Í áætlun 2022 er því framlag til viðhalds íbúðanna hækkað verulega til að elta þá viðhaldsþörf sem hefur verið að byggjast upp.

HLUTDEILD Í FÉLÖGUM SEM BÆRINN BER REKSTRARLEGA ÁBYRGÐ Á – BREYTING Á FRAMSETNINGU

Á árinu 2021 var gerð eftirfarandi breyting á 3. mgr. 20 gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga númer 1212/2015:

Byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skulu færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa skal hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Þessi reglugerð er afturvirk þannig að hún gildir fyrir ársreikning ársins 2021 og þar með þarf að taka tillit til hennar í fjárhagsáætlun 2022.

Þar sem Kópavogsbær ber ekki ábyrgð á meirihluta (>50%) á skuldum og skuldbindingum þeirra félaga sem talin eru upp í reglugerðinni, þá hefur ekki þurft að taka tillit til þessa, heldur hefur verið nóg að telja eignarhlutana upp á viðeigandi stað í skýringum ársreiknings og í ábyrgðaryfirliti sem er aftarlega í ársreikningi.

Þessi breyting þýðir hinsvegar, að inn í rekstrar- og efnahagsreikning Kópavogsbæjar þarf að færa hlutdeild hans í rekstrar- og efnahagsreikningum þeirra félaga sem hann ber hlutfallslega ábyrgð á sbr. reglugerðina að frádregnum viðskiptum Kópavogsbæjar við félögin. Þegar þessi breyting var kynnt kom fram að von væri á frekari leiðbeiningum frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd um það hvernig ætti að meðhöndla þetta uppgjör gagnvart ársreikningi

sveitarfélaganna, en þær hafa ekki komið fram. Þar sem nefndin er ekki búin að útbúa leiðbeiningarnar, var haft samráð við endurskoðanda bæjarins, sem hefur verið í sambandi við fulltrúa í nefndinni. Í framhaldi af því var ákveðið að taka hlutdeild í rekstri og efnahag Sorpu, Strætó, slökkviliðsins og heilbrigðiseftirlitsins inn í áætlun bæjarins fyrir 2022. Innri viðskipti bæjarins eru nettuð út úr rekstri, bæði tekju- og gjaldamegin og hlutdeild í eignum og skuldum færð inn. Önnur félög hafa ekki verið tekin inn, s.s. skíðasvæðin, enda er ekki til sjálfstætt uppgjör, hvorki áætlun né ársreikningur, sem sýnir rekstur þeirra og efnahag. Í stuttu máli, þá hækka tekjur bæjarins við þessa breytingu um rúmlega kr. 2,9 milljarða, eignir um kr. 2,5 milljarða og skuldir um kr. 1,2 milljarð á árinu 2022. Í fjárhagsáætluninni má sjá þessar breytingar sem annarsvegar línu á meðal B-hluta í þveryfirlitinu og sem nýja dálka í rekstrar-, efnahags- og sjóðstreymisfirliti samstæðu.